

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/642**

2022/EES/18/31

frá 30. október 2020

**um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar  
tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram á merkingu lífrænt ræktaðra vara (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 2. mgr. 23. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í III. kafla reglugerðar (ESB) 2018/848 er mælt fyrir um framleiðslureglur sem gilda um lífræna framleiðslu en í III. viðauka við þá reglugerð eru settar fram reglur um m.a. pökkun og flutning á lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun. Einkum er í lið 2.1 þess viðauka krafist að tilteknar upplýsingar komi fram á merkimiða eða fylgiskjali.
- 2) Fóðrun búfjár og lagardýra með lífrænt ræktaðu fóðri er ein af meginreglum lífrænnar framleiðslu. Með sérstökum skilyrðum er þó heimilt samkvæmt framleiðslureglunum að nota tiltekið fóðurefni sem er ekki lífrænt ræktað og tiltekið fóðurefni í aðlögun.
- 3) Til að uppfylla reglur um lífræna framleiðslu ætti að upplýsa rekstraraðila tilhlýðilega að því er varðar það fóður sem þeir nota. Einkum ættu þeir að vita hvort fóðrið sé leyft fyrir lífræna framleiðslu, hver nákvæm samsetning þess er og hlutfall efnasambanda í fóðrinu sem eru lífrænt ræktað, í aðlögun og ekki lífrænt ræktað.
- 4) Plöntufjölgunarefni, að meðtöldu fræi, sem notað er til lífrænnar framleiðslu á plöntum eða plöntuafurðum skal vera lífrænt ræktað í samræmi við lið 1.8.1. í I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848. Með lið 1.8.5. í I. hluta þess viðauka er þó heimilt að nota plöntufjölgunarefni sem er í aðlögun og er þar kveðið á um leyfi til að nota plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun með tilteknum skilyrðum ef lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni er ekki tiltækt fyrir tilteknar tegundir, undirtegundir eða yrki.
- 5) Samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE <sup>(2)</sup> má setja á markað fræ í blöndum úr ólíkum ættkvíslum, tegundum eða yrkjum fóðurjurta að því tilskildu m.a. að ólíku þættirnir eftir tegund og, eftir því sem við á, eftir yrki, séu tilgreindir sem hundraðshluti af þyngd á opinbera merkimiðanum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja (Stjttíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298).

- 6) Í ljósi þess hversu mikilvægt er að nota blöndur með fódurjurtafræjum til að tryggja mikil næringarfræðileg gæði fóðurs, einnig þegar þær eru ekki notaðar sem fódurjurtir, til að bæta aðlögunarhæfni plantna að svæðisbundnum landbúnaðarskilyrðum og til að auka frjósemi og líffræðilega fjölbreytni jarðvegs, einkum þegar fræblöndurnar eru notaðar við starfsvenjur í landbúnaði til varðveislu jarðvegs og vatns, t.d. sem þekjuplöntur, og með tilliti til skorts á lífrænt ræktuðum fræjum eða fræjum í aðlögun, er hægt að nota fræblöndur sem eru í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu jafnvel þótt þær innihaldi lífrænt ræktuð fræ, fræ í aðlögun og leyfð fræ sem eru ekki lífrænt ræktuð af mismunandi plöntutegundum. Í þeim tilgangi ættu notendur að hafa aðgang að nákvæmum upplýsingum um tilvist og magn efnisþátta í blöndunum sem eru lífrænt ræktaðir og í aðlögun, með fyrirvara um kröfur og upplýsingar sem krafist er samkvæmt tilskipun 66/401/EBE.
- 7) Á merkimiða á pakkingum fyrir slíkar blöndur ætti einnig að koma fram að notkun þeirra sé leyfð eingöngu innan gildissviðs leyfisins sem gefið er út samkvæmt lið 1.8.5 í I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 og af þessum sökum eingöngu á yfirráðasvæði aðildarríkis þess lögbærs yfirvalds sem veitti leyfið.
- 8) Til að stuðla að notkun lífrænt ræktaðra fræja og fræja í aðlögun og tryggja samræmd meginleg lágmark þykir enn fremur rétt að fastsetja lágmarksheildarhlutfall miðað við þyngd af lífrænt ræktuðum fræjum og fræjum í aðlögun sem ættu að vera hluti af blöndunni ef vísað er til lífrænt ræktaðra efnisþátta og efnisþátta í aðlögun á merkimiðanum.
- 9) Því ætti að breyta lið 2.1 í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 til samræmis við það.
- 10) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Lið 2.1 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2018/848 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## VIÐAUKI

Í stað liðar 2.1 í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 kemur eftirfarandi:

„2.1. Upplýsingar sem skulu veittar

2.1.1. Rekstraraðilar skulu tryggja að lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun séu einungis fluttar til annarra rekstraraðila eða eininga, þ.m.t. heildsalar og smásalar, í viðeigandi pakkningum, flátum eða ökutækjum sem þannig er lokað að ekki er unnt að breyta innihaldinu, þ.m.t. að skipta um innihald, í þeim án þess að hrófla við innsiglinu eða skemma það og með merkimiða þar sem fram kemur, með fyrirvara um aðrar merkingar sem krafist er samkvæmt lögum Sambandsins:

- a) nafn og heimilisfang rekstraraðilans og, þegar það er annar aðili, eiganda eða seljanda vöru,
- b) heiti vörunnar,
- c) nafn eða kenninúmer eftirlitsyfirlvalds eða eftirlitsaðila sem rekstraraðilinn heyrir undir og
- d) ef við á, auðkennismerki lotunnar í samræmi við auðkenniskerfi sem annaðhvort er samþykkt á landsvísu eða sem samningur hefur náðst um við eftirlitsyfirlvaldið eða eftirlitsaðilann og sem gerir kleift að tengja lotuna við skrárnar sem um getur í 5. mgr. 34. gr.

2.1.2. Rekstraraðilar skulu tryggja að fódurblöndur sem eru leyfðar í lífrænni framleiðslu sem eru fluttar til annarra rekstraraðila eða búa, þ.m.t. heildsala og smásala, beri merkimiða þar sem kemur fram, auk allra annarra merkinga sem krafist er samkvæmt lögum Sambandsins:

- a) upplýsingarnar sem eru tilgreindar í lið 2.1.1.,
- b) ef við á, miðað við þyngd þurrefnis:
  - i. heildarhlutfall lífrænt ræktaðra fódurefna,
  - ii. heildarhlutfall fódurefna í aðlögun,
  - iii. heildarhlutfall fódurefna sem falla ekki undir i. og ii. lið,
  - iv. heildarhlutfall fódurs úr landbúnaði,
- c) ef við á, heiti lífrænt ræktaðra fódurefna,
- d) ef við á, heiti fódurefna í aðlögun og
- e) að því er varðar fódurblöndur sem ekki er unnt að merkja í samræmi við 6. mgr. 30. gr., ábending um að nota megi slíkt fódur í lífrænni framleiðslu í samræmi við þessa reglugerð.

2.1.3. Með fyrirvara um tilskipun 66/401/EBE skulu rekstraraðilar tryggja að á merkimiða pakkningar fyrir blöndu af fódurjurttafæjum sem innihalda lífrænt ræktað fræ og fræ í aðlögun eða fræ sem eru ekki lífrænt ræktað af tilteknum mismunandi plöntutegundum sem hefur verið gefið út leyfi fyrir með viðkomandi skilyrðum, sem mælt er fyrir um í lið 1.8.5 í I. hluta II. viðauka við þessa reglugerð, eru veittar upplýsingar um nákvæma efnisþætti blöndunnar, gefnir upp sem hlutfall miðað við þyngd hverrar tegundar efnisþáttar, og eftir því sem við á, hvers yrkis sem blandan inniheldur.

Auk viðeigandi krafna skv. IV. viðauka við tilskipun 66/401/EBE skulu þessar upplýsingar, auk ábendinganna sem krafist er í fyrstu málsgrein þessa liðar, ná einnig yfir skrá yfir tegundirnar sem blandan inniheldur og eru merktar sem lífrænt ræktaðar eða í aðlögun. Heildarhlutfall lífrænt ræktaðra fræja og fræja í aðlögun í blöndunni miðað við þyngd skal vera að lágmarki 70%.

Ef blandan inniheldur fræ sem eru ekki lífrænt ræktað skal eftirfarandi yfirlýsing einnig koma fram á merkimiðanum: „Notkun blöndunnar er eingöngu leyfð innan gildissviðs leyfisins og á yfirráðasvæði aðildarríkis þess lögbæra yfirlvalds sem heimilaði notkun blöndunnar í samræmi við lið 1.8.5. í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara.“

Eingöngu er heimilt að setja upplýsingarnar, sem um getur í liðum 2.1.1 og 2.1.2 fram í fylgiskjali ef hægt er að tengja slíkt skjal á óyggjandi hátt við þakningu, ílát eða ökutæki sem varan er flutt í. Í fylgiskjalinu skulu vera upplýsingar um birgi eða flutningsaðila.“

---